


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3	VÉLS1GV05, VST103V	
	Námsáætlun haustönn 2015.	

Kennarar	Jóhann Björgvinsson, Elías Þorsteinsson.	Sk.st.	JÓB ; ELÍ .
-----------------	---	---------------	--------------------

Lýsing

Í áfanganum öðlast nemandinn þekkingu á uppbyggingu og virkni mismunandi vélagerða, þar sem áhersla er lögð á virkni, eiginleika og notkun bulluvéla. Einnig er farið yfir íhluti og einingar sem brunavél samanstendur af og hlutverk þeirra. Þá er fjallað um véla- og lagnakerfi sem þjóna brunavélum. Nemandinn þjálfast í notkun véla og vélakerfa, og lögð er áhersla á að hann sé fær um að þjóna og stjórna vélbúnaði í minni skipum. Farið er yfir öryggismál, umgengni um vélar og verkstæði ásamt hættum sem stafa af vélum og vélbúnaði.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vinnuhring dísil- og Ottómótors
- flokkun aflvéla eftir gerð, uppbyggingu og eldsneyti
- grundvallarhugmyndum að baki bulluvélinni, byggingu hennar og helstu íhlutum
- mismunandi uppbyggingu, notkun og eiginleikum hraðgengra og hæggengra bulluvéla
- mismunandi aðstreymi eldsneytis og lofts í Ottóvél og dísilvél
- þeim kerfum sem þjóna vélum skipa, hlutverki þeirra og uppbyggingu í minni skipum
- kælipörf brunavéla
- uppbyggingu á eldsneytisdælum og vinnumáta þeirra
- ræsingu bulluvéla, þ.m.t. mismunandi ræsiloftskerfa véla og þeim reglum sem um þau kerfi gilda
- umhirðu véla og búnaðar í vélarrúmi

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nafngreina helstu íhluti vélar og lýsa hlutverki þeirra
- lesa úr vélateikningum
- nota helstu handverkfæri á réttan hátt
- ganga um vélar og verkstæði með tilliti til hreinlætis og öryggis
- undirbúa dísilvél fyrir gangsetningu og gangsetja hana
- ganga frá vél og vélarrúmi eftir stöðvun og gera vélarrúm frostklárt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- teikna upp vinnuhring tvígengis og fjörgengis dísil- og Ottóvéla
- rekja og teikna upp helstu vélakerfi
- stunda vinnu á vélaverkstæði m.t.t. umgengni og öryggismála
- undirbúa vél fyrir ræsingu og ræsa hana
- útskýra bæði ytri og innri kælibúnað véla

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 3	VÉLS1GV05, VST103V	
	Námsáætlun haustönn 2015.	

Áætlun um yfirferð á námsefni:

Vika	Bóklegt	Vika	Verklegt
34-35	Kynning.	34-35	Kynning á vélbúnaði og öryggismálum í verklegu.
35-36	Sagan. Flokkun véla.	35	Skrúfa í sundur smávél og setja saman . Gangsetja Deltu og ganga frá . Rekja og teikna eldsneytiskerfi .
37-38	Vinnuhringurinn.Brunaholið.	36	
38-39	Íhlutir véla.	37	
40	Eldsneytislokar og eldsneytisdælur.	38	
41-42	Blöndungar. Kaflapróf.	39	Eldsneytisdælur og spissar .
43-44	Smurolíukerfi. Gangráður.	40	Dælur.
45	Bensínvélur.	41	Blöndungar.
46	Kaflapróf.	42	Óráðstafað / Vettvangsferð ?
47	Uppsóp.	43	Smurolíukerfi.
48-49	Upprifjun.	44	Gírar.
		45	Ræsing deltu 2.
		46	Þrif á vélum og vélasal.
		47-48	Uppsóp og upprifjun.

Námsgögn

Tegund	Nafn bókar eða lýsing á gögnum	
Bækur	Vélar og Vélbúnaður 1 , Guðmundur Einarsson.	
Ljósrit	Ljósrit frá skrifstofu/kennara. Verkefnalýsingar (Verklegur hluti)	